

Reykjavík, 7. desember 2020

Áherslur LÍŠ um úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna

Eftirfarandi eru kröfur Landsamtaka íslenskra stúdenta (LÍŠ) um þarfar breytingar á úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2020-2021 annars vegar og 2021-2022 hinsvegar.

[Breytingar á úthlutunarreglum 2020-2021 vegna COVID-19](#)

[1.1 Varðandi námsframvindukröfur](#)

[1.2 Varðandi frítekjumark](#)

[1.3 Varðandi grunnframfærslu](#)

[Breytingar á úthlutunarreglum 2021-2022](#)

[2.1 Hækkun grunnframfærslu](#)

[2.2 Endurreikna húsnæðisgrunn](#)

[2.3 Lágmarks námsframvindukröfur](#)

[2.3 Umsóknarfrestur](#)

1. Breytingar á úthlutunarreglum 2020-2021 vegna COVID-19

Frá því að heimsfaraldurinn hófst hafa LÍŠ og aðrir fulltrúar stúdenta ítrekað vakið athygli á slæmri stöðu stúdenta og lagt til aðgerðir þeim til stuðnings. Aðgerðir menntasjóðsins hafa verið nokkrar:

- Tekið var við annarskonar námsmati en lokaprófum vorið 2020
- Fimmföldun frítekjumarks fyrir fólk sem kemur af atvinnumarkaði, var ekki á námslánnum á vorönn 2020 eða hefur unnið í bakvarðasveit heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar og bakvarðarsveit lögreglunnar
- Framlenging umsóknarfrests haustönn 2020

Að mati LÍS er margt fleira sem þarf að gera. Nú er kjörið tækifæri að styðja við stúdentana með beinum hætti í gegnum Menntasjóð námsmanna. Það verður að grípa til aðgerða strax svo að ástandið komi ekki niður á heilum árgöngum háskólafélks.


LÍS hefur barist fyrir rétti stúdentana til atvinnuleysisbóta og fjölgun atvinnutækifæra en það sem lánasjóðurinn getur gert til að létta undir því mikla álagi sem hvílir á stúdentum er að hækka grunnframfærslu, hækka frítekjumarkið og breyta kröfum um námsframvindu. Það síðast nefnda yrði að taka gildi sem fyrst til að grípa þau sem eru að ljúka haustönn 2020.

Við getum litið til nágrannalanda okkar að innblæstri en í Noregi [voru veitt aukalán](#) yfir sumartímamann (án þess að krafa væri gerð um að stunda sumarnám). Slíkt hið sama var gert í [Danmörku](#) og í Svíþjóð hefur [frítekjumarkið verið afnumið fyrir alla lántaka](#). Í þessum tilfellum er um að ræða stuðning sem hefur auðveldað stúdentum framfleyta sér inn í haustönn 2020.

1.1 Varðandi námsframvindukröfur

LÍS kallar eftir því að sambærilegt svigrúm verði veitt fyrir haustið 2020 líkt og var gert vor 2020.

Síðustu önn var námsfyrirkomulagi breytt á miðju misseri en nú hefur víða öll önnin verið í fjarnámi. Þessa önn eru kennarar og námsmenn á mjög mismunandi stað í aðlögun sinni að nýju námsfyrirkomulagi og þess vegna er alls ekki hægt að búast við sama námsárangri og á venjulegri önn. Í ofanálag við breytt námsfyrirkomulag er óneitanlega almennt álag á stúdentum, beint og óbeint, vegna faraldursins. Áætla má að faraldurinn hafi bein áhrif á námsframvindu vegna veikinda, sóttkvíar eða umönnun nákominna. Nemendur í áhættuhópum hafa þurft að



gæta sérstakrar varúðar sem kann að hafa bitnað á námsárangri. Tryggja verður að grein úthlutunarreglna 3.4.3 um undanþágur frá kröfum um námsframvindu vegna veikinda gildi um þennan hóp en að mati LÍS nær liður 3.4 um undanþágur ekki nægilega vel utan um þann hóp sem á nú í hættu á að missa framfærslu sína ef þau ná ekki að uppfylla skilyrði um námsframvindu vegna áhrifa COVID-19. Samkvæmt [könnun](#) Stúdentaráðs Háskóla Íslands frá því í október töldu 73% svarenda sig vera undir það miklu álagi að það komi niður á námsárangri.

LÍS telja brýna þörf á því að veita almenna undanþágu á námsframvindukröfum.

Í Finnlandi fá stúdentar [aukið svigrúm varðandi námsframvindu vegna faraldursins fyrir haustið 2020](#) en þar í landi er almenna krafan sú að stúdentar ljúka aðeins 20 einingum á námsári til að eiga rétt á láni. Þær kröfur voru lækkaðar enn frekar vegna faraldursins með því móti að litið verður framhjá skort á námsframvindu tvo mánuði ársins. Engin sérstök úrræði hafa verið kynnt í Noregi varðandi skerta námsframvindu eins og er, ef til vill vegna þess að námslán í norska kerfinu skerðast ekki fyrr en lántaki er [60 einingum á eftir áætlun](#). Hægt væri að koma til móts við stúdenta sem geta ekki uppfyllt lágmarks námsframvindukröfur með ýmsu móti:

- Að annarskonar námsmat sé aftur tekið gilt eins og var gert í vor.
- Að víkka kafla 3.4 um undanþágur þannig að hann gildi um óbein áhrif vegna COVID-19.
 - Stúdentar gætu átt erfitt með að uppfylla skilyrði um námsframvindu vegna streitu, álags, breyttu námsfyrirkomulagi eða annarra aðstæðna sem grein 3.4 nær ekki til.
 - Stúdentar skulu fá að njóta vafans í þeim tilvikum og ekki skulu gerðar óraunhæfar kröfur um að sanna að námsframvinda sé skert vegna COVID-19.
- Það þarf að koma skýrt fram í úthlutunarreglum að það tímabil sem COVID-19 faraldurinn varir teljist ekki til seinkunar á námi og ekki sem hluti af svigrúmi til að klára nám á skipulögðum tíma. Lendi stúdentar í töfum á námi sínu vegna COVID á

það ekki að koma niður á möguleika þeirra til að fá niðurfellingu á höfuðstóli láns að námi loknu.

1.2 Varðandi frítekjumark

Fimmföldun frítekjumarks þarf að gilda um alla lántaka fyrir skólaárið 2020-2021.

Sjóðurinn braut gegn jafnræði og góðum stjórnsýsluháttum með því að fimmfalda frítekjumark fyrir suma án auglýsingar. Einnig má áætla að frítekjumark komi til þess að skerða laun fólks sem hefur tekið á sig auka vinnu vegna faraldursins. Þegar hefur verið brugðist við þörfum þeirra sem eru í bakvarðasveit en það eru fjölmörg störf sem stúdentar sinna sem framlínuverðir í baráttunni við COVID sem teljast ekki til bakvarðasveitarinnar.

1.3 Varðandi grunnframfærslu

Hækka skal grunnframfærslu strax fyrir skólaárið 2020-2021. Hún hefur yfir lengri tíma verið of lág og í besta falli óraunhæf en nú er þörfin á breytingum enn brýnni en áður.

Í úthlutunarreglum eru ráðstöfunartekjur reiknaðar miðað við að lántaki fullnýti heimild sína til að afla tekna áður en námslánin skerðast. Hafi lántaki misst vinnuna í kjölfar faraldursins, en uppfylli samt sem áður námsframvindukröfur, þarf sá einstaklingur að reyna að framfleyta sér á 189.500 á mánuði. Til viðmiðunar eru lágmarkslaun [almennt rúmar 300.000 kr.](#)¹ og atvinnuleysisbætur [289.510 kr. á mánuði miðað við 100% bótarétt.](#)

² Stúdentar eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum en gera má ráð fyrir því að ófáir stúdentar

¹ <https://www.fjs.is/utgefid-efni/launatoflur/launatoflur-2020/>

² <https://vinnumalastofnun.is/atvinnuleitandi/fjarhaedir-og-greidslur-atvinnuleysisbota/fjarhaedir-atvinnuleysisbota>

hafi misst vinnuna vegna COVID-19 og því er þörf á því að endurskoða þær forsendur að námsmenn skuli vinni sér inn tekjur meðfram námslánum. Í kafla 2 verða færð rök fyrir því að grunnframfærsluna þurfi að endurskoða frá grunni og að ekki skuli gera ráð fyrir því að námsmenn vinni með námi, en hér er lögð til hækkun sem svar við atvinnuleysi vegna heimsfaraldursins. Hægt væri að veita viðbótarlán til þeirra sem misst hafa tekjur, líkt og í Noregi og Danmörku, en það væri líka hægt að ráðast á rót vandans með því að hækka grunnframfærsluna, til dæmis í samræmi við [dæmigert neysluviðmið](#), strax.

2. Breytingar á úthlutunarreglum fyrir árið 2021-2022

Nýbirtar [niðurstöður EUROSTUDENT VII](#) sýna að fjárhagsleg staða stúdenta var þegar mjög slæm fyrir COVID. Fram kemur að:

- 72% íslenskra svarenda telja sig ekki geta stundað nám án þess að vinna fyrir sér
- 30% glíma við fjárhagslega erfiðleika
- 25% telja vinnuna hafa áhrif á námsframvindu
- 43% eyða meira en 40% af sínum tekjum í húsnæði (sem bendir til þess að ráðstöfunartekjur umfram húsnæðiskostnað séu lágar)

Þessar niðurstöður sýna svart á hvítu að stjórnvöld og stjórn Menntasjóðs námsmanna þurfi að bregðast við þessari stöðu og auka stuðning við stúdenta, meðal annars með breytingum á úthlutunarreglum Menntasjóðsins.

2.1 Hækkun grunnframfærslu

LÍS kalla eftir því að grunnframfærsla 2021-2022 dugi fyrir stúdenta til að framfleyta sér án þess að vinna meðfram námi.

Ef grunnframfærsla tekur ekki breytingum í úthlutunarreglum fyrir árið 2021-2022 verða stúdentar enn og aftur settir í þá stöðu að þurfa að vinna með námi til þess að eiga efni á

útgjöldum, hvort heldur til að bæta upp fyrir of lág framfærslulán eða í stað þess að taka lán. LÍS hefur bent á þann [vítahring](#) sem lántakar lenda í við það að reyna að afla sér tekna til þess að bæta upp fyrir lág framfærslulán en að verða í kjölfarið fyrir skerðingu á lánunum við það að fara yfir leyfilegt frítekjumark sem skilgreint er í úthlutunarreglum. Miða skal grunnframfærslu við raunverulega þörf stúdenta, taka skal mið af [dæmigerðu neysluviðmiði](#) og reiknaður skal raunhæfur húsnæðisgrunnur, líkt og fjallað er um í næsta undirkafla.


2.2 Endurreikna húsnæðisgrunn

Endurreikna skal húsnæðisgrunn svo að hann endurspegli raunverulegt verð á almennum leigumarkaði.

Ef úthlutunarreglur námslána eru skoðaðar aftur í tímann sést að lán vegna húsnæðis hefur ekki hækkað í samræmi við leiguverð. ³

- Árin 2015-16 voru námslán vegna húsnæðiskostnaðar 58% af meðal leiguverði. ([67.000 kr](#) / [115.000 kr](#))
- Árin 2017-18 voru námslán vegna húsnæðiskostnaðar 50% af meðal leiguverði. ([72.000 kr](#) / [143.000 kr](#))
- Úthlutunarreglur 2020-21 gerðu aðeins ráð fyrir 45% af meðal leiguverði. ([77.000 kr](#) / [170.000Kr](#))

Ekki er raunhæft að miða við lægsta mögulega leiguverð sem fæst á stúdentagörðum þar sem árið 2018 svaraði fjöldi stúdentaíbúða aðeins [10% af heildarfjölda stúdenta](#).



³ Gögn fengin af [Verðsjá Þjóðskrár](#). Leitarskilyrðin voru 1-2 herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Kjalarnes. Miðað var við upphaf hvers tímabils. Upphæð láns er lán vegna húsnæðis til einstaklings í leigu eða eigin húsnæði.

2.3 Lágmarks námsframvindukröfur

Lágmarks námsframvindukröfur skulu lækka úr 22 í 18 einingar.

Að mati LÍS er núverandi kerfi til þess fallið að aftra fólki í námsframvindu sinni frekar en að styðja við það. Sú hættu að námsmaður missi rétt til námsláns við að ná ekki 22 einingum á önn skapar gríðarlegt álag og breytir forsendur þess að einstaklingur stundi námið sitt, þ.e. vegna fjárhagsörðuleika en ekki vegna áhuga eða metnaðs. Hægt er að líta til nágrannalanda okkar fyrir dæmum um sveigjanlegra samband námslána og námsframvindu. Eins og nefnt var í 1.1. þá þurfa finnskir stúdentar almennt aðeins að ljúka 20 einingar á námsári til að eiga rétt á láni og norskir stúdentar verða fyrst fyrir skerðingu eftir 60 eininga töf, í stað afleiðinga strax eftir 9 einingar hér á landi. Talan 18 er ekki úr lausu lofti gripin, í úthlutunarreglum LÍN [2010-2011](#), [2011-2012](#) og [2012-2013](#) var miðað við 18 eininga lágmarks námsframvindu og LÍS [hefur áður krafist](#) þess að aftur verði horfið til þess fyrirkomulags.

2.3 Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur skal vera um eða eftir miðja önn.

Umsóknarfrestur var of snemma haustið 2020 og verður of snemma vorið 2021. Sem betur fer var umsóknarfrestur fyrir haustönn 2020 framlengdur tvisvar. Það var sérstaklega óhentugt að hafa umsóknarfrest svona snemma fyrir nýjan sjóð því fólk hafði þá síður tækifæri til þess að kynna sér út í hvað það var að fara. Almennt hentar stúdentum mun betur að hafa umsóknarfrest um eða eftir miðja önn. Oft vita stúdentar ekki nákvæmlega hversu margar einingar þau ætla að taka fyrr en liðnar eru nokkrar vikur af önnunni. Einnig getur tekið tíma fyrir fólk að átta sig á samspili vinnu og skóla hverja önn, og vita því ekki svo snemma á önninni hvort og hvernig lán þau vilja sækja um.

3. Lokaorð

Samantekt þessi byggir á áralangri baráttu stúdenta fyrir bættum kjörum gagnvart lánasjóðnum. Með tilkomu Menntasjóðsins var stigið risa skref í rétta átt, en ávinningur nýja kerfisins, þ.e. lægri skuld vegna námsstyrks, hlýst ekki fyrr eftir útskrift. LÍS kalla eftir því að nýjum lögum um Menntasjóð verði fylgt eftir með nauðsynlegum breytingum á úthlutunarreglum, því aðeins með bættum úthlutunarreglum er raunverulega hægt að jafna aðgengi að námi á Íslandi óháð efnahag, heilsufari, fötlun, fjölskylduhögum eða öðrum aðstæðum. Menntasjóður námsmanna skal bjóða upp á þannig kjör að háskólafólk geti notið sín í námi og brenni ekki út af álagi áður en þau ná að útskrifast.